



Pési

Næsti Pési kemur út í júní 2017. Efni þarf að berast í síðasta lagi **4 júní** 2017.



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Nú eru úrslit ljós í Bókaverðlaunum barnanna 2017. Borgarbókasafn Reykjavíkur hefur umsjón með verkefninu en þá gefa börnin þeim bókum sem þeim finnst skemmtilegastar atkvæði sitt og fer kosning fram í almenningsbókasöfnum og skólasöfnum um land allt.

Inn á heimasíðu bókasafnsins <http://bokasafn.fludir.is/> má lesa um niðurstöður úr Bókaverðlaunum barnanna 2017.

Verið hjartanlega velkomin.


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  Facebook



Gegnir



leitir.is

Sundlaugin á Flúðum. Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Opnunartími

Maí

Mánudagar-fimmtudaga 16.30-20.30

Föstudaga 13.00-18.00

Júní

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17.30-20.30

Júlí

Lokað

Ágúst (8.-17.ágúst)

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17.30-20.30



maí 2017
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

27. árgangur.
315.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og og það má með sanni segja að vorið og sumarið renni svolítið saman. Ég trúi ekki öðru en þeir sem sýsla við landbúnað séu ansi sáttir við ástandið á „jörðinni“ þessa dagana.

Nú er búið að leggja fram ársreikning fyrir árið 2016 og hann afgreiddur af sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam rúmum 79 millj. sem er töluvert meiri afgangur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu ástæður þess eru auknar tekjur ríkisins sem koma til okkar úr jöfnunarsjóði og einnig eru jákvæð áhrif af lágrri verðbólgu og styrking krónunar af gengisláni sem tikka drjúgt inn. Hins vegar hafa slíkar reiknaðar stærðir af lánnum minni áhrif á raunverulega getu okkar til athafna. Kostnaður hefur samt aukist á milli ára og þar vegur þyngst áhrif kjarasamninga. Það er ánægjulegt að áætlanir um útgjöld reyndust samt nokkuð raunhæfar og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika. Það er nauðsynlegt að sveitarfélagið sé rekið skynsamlega og að afgangur dugi helst fyrir venjulegum fjárfestingum og við erum því í betri stöðu á þessu ári að fara í framkvæmdir án lántöku. Skuldahlutfall sveitarfélagsins lækkaði einnig á síðasta ári úr 94% í 78% en það stafar aðallega af auknum heildartekjum og þá var lántaka hófleg á árinu. Ég vona samt að verðbólgan haldist lág í framtíðinni því samkvæmt reynslu síðustu ára er það aðal rekstrar- og kjarabót okkar allra.

Af vettvangi stjórnarsýslunnar er það að segja að sveitarfélögin í Uppsveitum, Flóa og Ásahreppi eru búin að samþykkja nafnabreytingu á Skipulags- og byggingarfulltrúaembættinu á Laugarvatni. Heitir það nú Umhverfis og tæknisvið Uppsveita eða UTU. Markmiðið var að finna þjálfa nafn og góða skammstöfun fyrir embættið auk þess sem starfssvið þess breyttist í kjölfar þess að tæknisviðið rann inn í það. Þá er einnig búið að hanna logo fyrir embættið. Sveitarfélagið hefur gert samning við Fornleifastofnun Íslands um að klára fornleifaskráningu í öllu sveitarfélaginu. Samningurinn gerir ráð fyrir að verkið klárast á næstu fimm árum og klárar það sem byrjað var á við endurskoðun aðalskipulagsins hjá okkur. Þegar þessi vinna liggur fyrir mun það veita meiri upplýsingar um sveitarfélagið. Varðandi aðalskipulagið þá er það komið úr auglýsingu og sveitarstjórn búið að afgreiða það og því vonandi tilbúið til undirritunar og gildistöku.

Þá fer væntanlega ljósleiðaraverkefnið af stað af fullum krafti en gengið hefur verið frá samningi við Guðmund Daníelsson hjá Snerru að vera verkefnisstjóri með verkinu næstu árin eða þar til því er lokið. Við munum væntanlega sjá sjálf um að koma þessu verkefni af stað og reka ljósleiðarakerfið. Einnig má vekja athygli á því að Hitaveita Flúða er búin að setja niður djúpdælu í Kópavatnsholuna og verið er að prófa afkastagetu hennar. Eins og staðan er núna lítur þetta vel út og það er mjög spennandi að sjá hvernig þetta þróast áfram.

Einn er sá málaflokkur sem maður þarf ávallt að minna sjálfan sig og aðra á að sinna vel. Það eru nú blessuð úrgangsmálin. Í tilefni rusladagsins þann 12. maí n.k. vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort það er í skipulegri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Þessi málaflokkur snertir bæði umhverfismál almennt og einnig ásýnd sveitarinnar. Við viljum fá sem flestan úrgang frá aðilum innan sveitarfélagsins á gámasvæðið á Flúðum eða á grenndarstöðvar okkar.

Nú liggur fyrir í starfsmannamálunum að Árni Þór Hilmarsson hefur verið ráðinn forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómskundafulltrúi í 50% starf. Við viljum gefa þessum málaflokki aukna vigt og auka þannig vonandi gæðin í þessari þjónustu. Þess ber að geta að tómskundafulltrúastarfið snýr að öllum þeim sem eru með tómskundir í sveitarfélaginu, bæði ungir, gamlir og allt þess á milli. Varðandi þennan málaflokk er einnig vert að geta þess að sveitarstjórn hefur ákveðið að hækka hvatarstyrk úr kr. 10.000 í kr. 15.000 á önn fyrir börn á aldrinum 6 -16 ára. Vonandi hjálpar það og hvetur það börnin okkar til að stunda fjölbreytt tómskundastarf. Þá hafa þær Sigga og Gurra tilkynnt að þær vilji láta af störfum með tómskundastarf aldraða. Óska ég eftir því að áhugasamir hafi samband við mig eða félag eldri Hrunamanna ef það sér tækifæri í einstöku starfi með eldri borgurum í Heimalandi. Jafnframt þakka ég þeim stöllum fyrir einstök störf fyrir samfélagið í gegn um tíðina.

Að lokum vil ég minna á tvo íbúafundi sem haldnir verða í kaffistofunni í Félagsheimilinu. Annars vegar er íbúafundur miðvikudaginn 17. maí kl. 20:00. Þar verður fjallað um niðurstöðu ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2016 og einnig verður farið yfir lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Hins vegar er um að ræða íbúafund um sameiningarmál í Árnessýslu þar sem ráðgjafar KPMG fara yfir málin og sviðsmyndagreiningarvinnu sína. Hvet ég alla áhugasama að mæta til skrafs og ráðagerða um málefni sveitarfélagsins.

Eigum góða tíma saman.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2017

Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2017. Þetta er sextánda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta og þetta sumarið er boðið upp á tvær ferðir sem ekki hafa verið farnar áður á vegum nefndarinnar. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema ferðirnar 01.07. og 26.08. sem eru dagsgöngur. Frítt er í allar kvöldgöngurnar en innheimt verður fyrir leiðsögn/akstur í dagsgöngur. Leiðsögumenn í ferðunum verða þau Helgi Már Gunnarsson og Kolbrún Haraldsdóttir, Flúðum. Allir eru hjartanlega velkomnir.

1. ferð er 21. júní. Byrgi Fjalla- Eyvindar

Lagt af stað kl 20:00 frá upplýsingaskiltinu um byrgi Fjalla Eyvindar sem er við afleggjarann heim að Jötu. Gengið eftir götum fram Skipholtsfjall og að byrgi (búri) Fjalla-Eyvindar sem er vel falið í landslaginu. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

2. ferð er 28. júní. Gildurhagi

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af Sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallegu umhverfi. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

3. ferð er 1. júlí. Foss- Ingjaldshnjúkur- Hildarsel- Fagridalur- Foss, dagsganga

Lagt af stað kl 11:00 frá planinu sem er fyrir framan fossinn áður en komið er heim að bænum Fossi. Þaðan er gengið upp á Tjarnheiði og svo haldið í suðurátt fram á Ingjaldshnjúk þar sem er víðáttumikið útsýni. Þaðan er haldið niður að eyðibýlinu Hildarseli, skoðum Kistufoss í Litlu-Laxá. Göngum síðan Fagradal til baka að Fossi. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar. Ganga sem tekur u.þ.b. 5-6 klst.

4. ferð er 5. júlí. Kaldbakur Núpsvatn

Lagt af stað kl 20:00 frá hlaðinu við braggann sem er staðsettur rétt áður en komið er heim að Kaldbak. Þetta er létt og skemmtileg leið inn að Núpsvatni (Kaldbaksvatni) en þaðan má m.a. sjá Stóru- Laxá liðast um malareyrar fyrir neðan Hrunakrók. Létt og auðveld ganga sem tekur u.þ.b. 2 klst.

5.ferð er 12. júlí. Hörgsholt Sólheimar

Lagt af stað kl 20:00 frá Sólheimum. Hittumst á planinu við rörahlíðið hjá fjárhúsinu á Sólheimum.

Þar verður safnast í bíla og ekið að afleggjaranum heim að Hörgsholti þar sem gangan hefst. Gengið verður að eyðibýlinu Hörgsholti og þaðan meðfram Stóru- Laxá niður að Sólheimum. Skemmtileg og falleg leið þar sem Stóra- Laxá rennur í fallegum gljúfrum.

Ganga sem tekur u.þ.b. 3 klst.

6.ferð er 19. júlí. Snússa Álfaskeið Langholtsfjall Snússa

Lagt af stað kl 20:00 frá Golfskálanum Snússu og gengið göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilega göngu á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekktu samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Golfskálanum í Snússu.

Ganga sem tekur u.þ.b. 2-3 klst.

7.ferð er 26. júlí. Hruni - Hrepphólar, gengið á milli kirkna.

Lagt af stað kl 20:00 frá planinu við Hrunakirkju og gengið sem leið liggur að Sólheimum og þaðan áfram eftir reiðgötum austan við Galtafell uns komið er að Hólahnjúkum þar sem sjá má stórkostlegar stuðlabergsmyn-danir. Gangan endar við Hrepphólakirkju.

Ganga sem tekur u.þ.b. 3 klst.

8.og síðasta ferð sumarsins 26. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.

Þetta er dagsganga. Ekið er inn á afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við bæinn Kaldbak. Ógleymanleg ganga og er hugsuð sem náttúruskoðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu. Athugið að það þarf að panta í þessa ferð í síma 6923882/6995178. Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.



Blik, áhugaljósmyndaklúbbur á Suðurlandi með sýningar á Hellu og á Selfossi.

Félagsmenn í Blik, sem er klúbbur áhugaljósmyndara á Suðurlandi, hafa opnað tvær ljósmyndasýningar á síðustu dögum. Annars vegar í Hótel Selfossi í tengslum við Vor í Árborg og hins vegar sýninguna “Gler og listsköpun” á árbakkanum við Ytri Rangá á Hellu og verða myndirnar til sýnis þar .



Sýningin á Selfossi heitir “Er veröldin svarthvít?” en þar sýna félagsmenn fjölbreytt úrval af fallegum svarthvítum myndum. Sú sýning verður opinn gestum hótelsins og öðrum næstu mánuðina.



Sýningin á Hellu var unnin í samvinnu við glerverksmiðjuna Samverk á Hellu og er sýningin styrkt af Menningarráði Suðurlands, auk Rangárþings ytra, Þjótanda á Hellu og félaga í Blik. Sólveig Stolzenwald, formaður Bliks á hugmyndavinnuna og Ragnar A. Magnússon um hönnun rammanna.

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00–19:00

Laugardaga: 10:00–19:00

Sunnudaga: 10:00–18:00

Sími: 486 6633



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.



TAXI á svæðinu sem mun þjónusta Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Skeiða og Gnúpverjær.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum eftir bestu getu.

TAXI DRIVER *Sími: 7760810 & 7831224*

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Opnið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hölsulind frá landnámi

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting –
Vaxmeðferðir – Litun og plockun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

**Er mætt aftur til starfa og verð við á miðvikudögum,
eða eftir samkomulagi.**

Tímapantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP

Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Frá Hrunasókn.

Aðalsafnaðarfundur sóknarinnar var haldinn þann 10. apríl síðastliðinn. Þar fóru fram kosningar þar sem kjósa þurfti 2 aðalmenn og 2 til vara. Þorleifur Jóhannesson og Anna Björk Matthíasdóttir gáfu ekki kost á sér áfram. Nýir aðalmenn eru þau Jóhann Marelsson og Valný Guðmundsdóttir en þau voru áður í varastjórn. Guðjón B. Gunnarsson og Lilja Helgadóttir voru kosin varamenn í þeirra stað. Stjórnin skipti síðan með sér verkum og er þannig skipuð: Marta Esther Hjaltadóttir formaður, Jóhanna Ingólfssdóttir gjaldkeri, Jóhann Marelsson ritari, Unnsteinn Hermannsson og Valný Guðmundsdóttir meðstjórnendur. Varamenn auk Guðjóns og Lilju eru þau Ragnheiður Karlsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson og Sigrún Hermannsdóttir. Sama fólk á síðan sæti í kjörnefnd Hrunaprestakalls f.h. Hrunasóknar. Skoðunarmenn reikninga eru þær Lilja Andrésdóttir og Þórunn Andrésdóttir, Hjörleifur Ólafsson til vara. Hér fylgir svo úrdráttur úr árskýrslu sóknarinnar fyrir árið 2016, áhugasömum til aflestrar. Störf sóknarnefndar í Hruna hafa, einsog undanfarin ár, miðast að því að fegra og bæta umhverfi kirkjunnar og safnaðarheimilis auk þess að sjá um þrif og og ýmislegt sem til fellur fyrir og eftir athafnir í kirkjunni. Sóknarnefndin fundar nokkrum sinnum á ári ásamt presti svo eru 2 fastir sameiginlegir fundir með öllum sóknarnefndum í Hrunaprestakalli, annar í upphafi árs hinn í upphafi vetrarstarfs. Það var látið verða af því á árinu að stofna fésbókarsíðu fyrir prestakallið og nýtist hún ágætlega til kynninga á því sem fram fer þar. Messuhald er fjölbreytt, skemmtilegt og ágætlega sótt í Hrunakirkju og Tungufellskirkju. Njótum við þar hversu áhugasaman, skemmtilegan og góðan prest við höfum þar sem Óskar Hafsteinn Óskarsson er. Kirkjukórinn er fjölmennur og sjaldan lognmolla í kringum hann enda Stefán Þorleifsson flinkur, uppátækjasamur og kátur stjórnandi. Marta Esther Hjaltadóttir er meðhjálpari við kirkjuna og Magga S. Brynjólfssdóttir leysir af eftir þörfum. Félagar úr Hringjarafjélaginu sjá um að klukkum sé hringt við athafnir. Stefán Arngrímsson og Guðmundur Guðfinnsson skiptast á útfarastjórn í kirkjunni. Kirkjunni í Hruna bærust höfðinglegar gjafir frá börnum séra Sveinbjarnar og frú Ölmú. Dís frá Hruna og Bragi hennar maður komu færandi hendi í október með tvær hempur, rykkilin og þrjá pípukraga sem voru í eigu séra Sveinbjarnar. Þessar góðu gjafir koma til með að nýtast vel og færum við þeim systkinum frá Hruna bestu þakkir fyrir. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti vísiteraði Tungufells- og Hrunakirkju 13. júní. Hann skoðaði, ásamt Halldóru Þorvarðardóttur prófasti Suðurprófastsdæmis, allt í krók og kring og gaf góð ráð.

Sóknin fékk styrk úr Kirkjugarðasjóði til að ljúka frágangi við kirkjugarðsvegghleðsluna. Í byrjun júní komu saman 11 manns úr sókninni með tæki og tól og unnu í sjálfboðavinnu við þökulagningu og fleira sem til féll við þann frágang. Valdís og Unnsteinn í Langholtskoti gáfu allar þökur sem notaðar voru. Upplýsingaskiltið sem Hrunamannahreppur gaf í tilefni 150 ára afmælis kirkjunnar 2015 var sett upp í ágúst.

Einsog undanfarin ár þá hafa félagsmenn í ÁSÆL séð um slátt á kirkjugörðunum og sóknarnefndin hefur fengið fólk til að aðstoða við snyrtingu á trjám og beðum í kirkjugarðinum í Hruna. Þeir feðgar hjá Landi og sonum hafa mörg undanfarin ár gefið öll blóm sem notuð eru á altari kirkjunnar í Hruna.

Að endingu vil ég þakka gott samstarf við alla þá sem eru boðnir og búnir að rétta hjálparhönd og leggja gott til við hvaðeina sem gera þarf í kringum kirkjuna og kirkjustarfið í Hrunasókn.

Marta Esther Hjaltadóttir.



Á dögunum var unnið við að setja niður dælu við Kópsvatnsholuna.



FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND SMÁRA

Reiðnámskeiði Rósu Birnu lauk 17. apríl. Þáttakendur voru 24. Minnum á námskeiðsgjaldið, 9.000,- 0325-26-039004 431088-1509.

Reiðskóla Elínar lauk annan og þriðja maí með reiðtúr og pylsupartýi, 20 knapar tóku þátt. Framundan er Hestheimaferð 27 – 28. maí. Skráning á smarakrakkar@gmail.com. Nánar auglýst á fésbók.

Svo heimsmeistarakeppnin í BROKKogSKOKK á upprisunni í júní !

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

SMÁRI



Fellskotshestar



Veitandi ehf

**Lauk 8. apríl með keppni í smala og skeði.
Lokastaðan eftir mótardöms:**

Barnaflokkur

1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	50
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	42
3	Freya Linda Andrea Mattsson	Smári	39
4	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	21
5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	18
6	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	16
7	Dagmar Sif Morthens	Logi	14.5
8	Fjölínir Þór Morthens	Logi	12.5
9	Tristan Máni Morthens	Logi	10.5
10	Snæfríður Rós Sigurðardóttir	Logi	2.5
11	Sigríður Mjöll Sigurðardóttir	Logi	1
12	Helga Nina Þórðardóttir	Smári	0

Unglingaflokkur

1	Rósa Kristín Jóhannsdóttir	Logi	58.5
2	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	48.5
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	47.5
4	Laufey Ósk Grimsdóttir	Smári	33
5	Sólvi Freyr Freyðisarson	Logi	17
6	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	15.5

Smári

330.5

Logi

116.5



Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Brekkuhestar



Styrktaröðlum Uppsveitadeilda Æskunnar er þakkaður stuðningurinn



Hátíðardagskrá í Hrunamannahreppi

17. júní 2017

Skrúðganga og hefðbundin hátíðarhöld verða á sínum stað 17. júní

Nánari dagskrá auglýst þegar nær dregur

Kveðja nefndin



**Bíla- og
smáflutningar
8917772**

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar

Aðalfundur Eyvindar verðu haldinn sunnudagskvöldið 14. maí kl 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf, lagabreytingar.

Hvetjum þá sem hafa áhuga á að gerast félagar að mæta og kynna sér starfið.

Allir velkomnir.

Stjórn Björgunarfélagsins Eyvindar

Uppsveitadeildinni 2017 lauk með mikilli sýningu frábærra tölt- og skeiðhrossa í Reiðhöllinni á Flúðum, föstudagskvöldið 31. mars 2017.

Fjöríð hófst í forkeppninni í tölti þar sem Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá



Gunnarsstöðum I sigruðu með nokkrum mun, eða 7,63 í einkunn. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka komu þar næst með 7.30 í einkunn. Þriðja inn í A-úrslit urðu þau Hanne Smidesang og Roði frá Hala með einkunnina 6,93. Síðasta örugga sæti í A-úrslitum féll í skaut Guðjóns Sigurliða Sigurðssonar og Lukku frá Bjarnastöðum með einkunnina 6.77.

Fljótustu knapar Uppsveitanna í fljúgandi skeiði.

Frá hægri: Mattías Leó Matthíasson, Þórarinn Ragnarsson, Hans Þór Hilmarrson, Bjarni Bjarnason, Gunnlaugur Bjarnason, Guðjón Örn Sigurðsson og Óskar Örn Hróbjartsson. Á myndina vantar Lindu Karlsson sem varð í sjötta

Þeir voru mun jafnari knaparnir í B-úrslitum, en þar komu eftir inn Hans

Þór Hilmarrson og Bragur frá Túnsbergi með einkunnina 6,63. Rétt þar á eftir voru þeir félagarnir Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum með 6,60. Þriðja inn í B-úrslit voru þau Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með einkunnina 6,57. Tveir síðustu keppendurnir inn í B-úrslitin voru þau Guðjón Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 5,83 og Óskar Örn Hróbjartsson á Sigurrós frá Galtastöðum með einkunnina 5,80.

Að loknu stuttu hléi hófst keppnin í fljúgandi skeiði. Það er mikil keyrsla. Á rúmum hálf tíma renna 63 skeiðsprettir í gegnum húsið. Eins og gengur lágu ekki allir sprettir og hraðinn var mismikill á hestum og knöpum.

Þegar yfir lauk kom í ljós að fljótasta parið voru þau Matthías Leó Matthíasson og Blikka frá Þóroddsstöðum með tímann 2,97. Í kjölfarið sigldu Þórarinn Ragnarsson og Funi frá Hofi með sléttar 3 sekúndur. Rétt á eftir komu þau Hans Þór Hilmarrson og Assa frá Bjarnarhöfn á tímanum 3,02. Bjarni Bjarnason og Randver frá Þóroddsstöðum voru 1/100 úr sekúndu á eftir með tímann 3,03 sekúndur. Aðrir keppendur fóru hægar yfir.

Þegar hér var komið sögu, og gestir í húsinu búnir að jafna sig aðeins á fjörinu og setunni eftir skeiðið, var komið að B-úrslitum í tölti. Eftirvæntingin lá í loftinu þegar keppnin hófst. Þegar upp var staðið urðu þeir eftir og jafnir, Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum og Hans Þór Hilmarrson á Brag frá Túnsbergi með einkunnina 7,06.

Í þriðja sæti í B-úrslitum urðu Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með 6,67, fjórðu urðu Sigurður Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 6.61 í einkunn og lestina ráku Jónas Már Hreggviðsson á Kolbeini frá Hrafnsholti með einkunnina 6,06.



Sigurvegarar í tölti: Frá hægri. Þórarinn Ragnarsson, Matthías Leó Matthíasson, Hanne Smidesang, Guðjón Sigurliði Sigurðsson.

Þá var komið að stóru stundinni. A-úrslit í tölti að hefjast og sex keppnisþór á vellinum. Bjarni og Hnokki náðu sér ekki á strik og hrepptu 6. sætið með 6.89 í einkunn. Hans Þór og Bragur enduðu í fimmta sæti með 7 í einkunn. Rétt fyrir ofan með 7,06 í einkunn settust í fjórða sætið Guðjón Sigurliði Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum. Spennan fór nú að magnast eftir

sérdeilis glæsilega töltsýningu. Hanne Smidesang og Roði frá Hala fengu 7,44 í einkunn og hlutu að launum þriðja sætið. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka fengu annað sætið með einkunnina 7.67. Sigurvegarar töltsins í Uppsveitadeildinni 2017 urðu því þeir Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá Gunnarsstöðum I með frábæra einkunn, 7,89.

Stigakeppni einstaklinga var mjög spennandi. Efstu tveir keppendurnir slitu sig frá hópnum og sigraði Matthías Leó Matthíasson með 82 stig. Þórarinn Ragnarsson kom næstur með 80 stig. Í þriðja sæti varð Hanne Smidesang með 62 stig. Heildarstigakeppni einstaklinga og liða má finna á vefsvæði Reidhallarinnar, www.reidhollin.is. Í liðakeppninni sigraði lið Vesturkots með 198 stig, en lið Subway varð annað með 187 stig. Þriðja sætið féll liði Kílhrauns í skaut með 140 stig.

Hestamannafélögin í Uppsveitunum Logi, Smári og Trausti fá bestu þakkir fyrir skemmtilega keppni í vetur. Breiddin í keppninni fer sífellt vaxandi og metnaður keppenda er mikill að standa sig sem best. Það sýnir sig að hestar eru að koma betur undirbúnir til keppni og munurinn á milli atvinnumanna og leikmanna hefur dregist saman.



Lið Vesturkots sigraði Uppsveitadeildina 2017.
Frá hægri: Hulda Finnsdóttir, Guðjón Örn Sigurðsson, Þórarinn Ragnarsson, liðsstjóri og Hanne Smidesang. Á myndina vantar Rósu Birnu Þorvaldsdóttur

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

grannaland@simnet.is



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

**Open 11:00 – 21.30, every day.
Opið alla daga frá kl. 11.00 til 21.30.**

Everyone welcome! / Verið hjartanlega velkomin!

Tel. 486-6454 / 846-9321 / 661-5935

<http://kaffisel.is>

Facebook: kaffisel



Er ekki verið að koma?

Mineraleimer

Alhliða steinefnafata fyrir nautgripi og hross

Kr. 5.780



Phosphoreimer

Steinefnafata fyrir geldkúr og hross

Kr. 6.610



Uniblock
Steinefnablock
og hross

Kr. 3.805



Saltsteinn Natur - 10 kg

Kr. 995



Saltsteinn Plus - 10 kg

Með Selen, jöði,
mangan o.fl

Kr. 1.335



Uniblock

Alhliða steinefnablock
fyrir sauðfé, nautgripi og
hross

Kr. 2.410



Vitablock

Alhliða
vítamínblockk

Kr. 2.815



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L

Kr. 2.399



6 túttu 8 L

Kr. 2.877



Vinnugallar

Allar stærðir

Kr. 7.800

og líka á börn

Kr. 6.900



“Klaufa”
klippur

Kr. 3.120



Inngjafasprautur

Kr. 17.770



Skammtasprautur

Kr. 16.792 3 ml



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Árleg handverkssýning Félags eldri Hrunamanna

Sýningin var 22. apríl í Félagsheimili Hrunamanna. Hún var vel sótt og tókst í alla staði vel, kaffihúsastemning og lifandi tónlist sem gestir kunnu að meta.

Sérstakur gestur á sýningunni var Helga Magnúsdóttir í Bryðjuholti. Var sýning hennar sérlega falleg og fjölbreytt, útskorin listaverk af ýmsu tagi, tálgaðir hlutir af ótal fyrirmyndum, ásamt öðru handverki bæði útsaumi, þrjóni og hekli. Auk alls þessa voru þarna mörg málverk eftir hana.

Öllum sem komu á sýninguna eru færðar bestu þakkir.

Félag eldri Hrunamanna



Frá SR grænmeti Smiðjustíg 10 Flúðum

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða frá og með 20 maí, einnig áburð og akril í metravís.

Opið um helgar 10 – 16.

Miðri viku 13 -16.

Sími 862-2374 og 486-1070



Vortónleikar á Flúðum þar sem kynslóðir mætast



Söngsveitin Tvennir tímar mun halda vortónleika sína í

Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum sunnudaginn 14.mái kl.16.00.

Þar munu kynslóðir mætast því þar koma fram Barnakór Tónsmiðjunar og ungir einsöngvarar en þau eru, Guðbjörg Guðjónsdóttir, Laufey Helga Ragnheiðardóttir, Laufey Ósk Grímsdóttir, Ljósbrá Loftsdóttir, Óskar Snorri Óskarsson og Ragnheiður Guðjónsdóttir.



Söngstjóri er Stefán Þorleifsson og hljóðfæraleikarar með honum eru, Anna Þórný Sigfúsdóttir, klarinett, Karl Hallgrímsson, gítar, Loftur Erlingsson, bassi og Unnsteinn Eggertsson, trommur.

Fjölbreytt efnisval verður á dagskránni en fyrst og fremst verða flutt vinsæl dægurlög síðustu aldar.

Aðgangseyrir á tónleikana eru kr.3000 en innifalið í miðaverði er kaffi og létt meðlæti.

Með von um að sjá sem flesta á vortónleikum okkar 2017


Söngsveitin Tvennir tímar

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 12. júní til og með 14. júlí í sumar. Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2001–2003.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 24. maí á Skrifstofu Hrunamannhrepps eða á netfang hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is



Söngskóli Sigurðar Dementz sýnir ópreuna Gianni Schicchi


Óperudeild Söngskóla Sigurðar Dementz sýnir óperuna Gianni Schicchi eftir Giacomo Puccini í Félagsheimili Hrunamanna þriðjudaginn 23. maí kl 19:30.

Gamanóperan fjallar um erfðamál og græðgi Buoso fjölskyldunnar.

Moldríkur ættfaðir hefur látist og fjölskyldan hefur heyrt orðróm um að hann hafi ætlað að láta klaustri í nágrenninu eftir allar eigur sínar. Ákveður fjölskyldan að fá hinn slóttuga Gianni Schicchi í málið og úr verður mikið sjónarspil.

Leikstjóri sýningarinnar er Bjarni Thor Kristinsson og hefur Antonía Hevesi verið æfingastjóri tónlistarinnar og leikur á slaghörpuna. Elsa Waage hefur séð um ítölskuþjálfunina.

Titilllutverkið Gianni Schicchi er leikið og sungið af heimamanninum **Guðmundi Karli Eiríkssyni**.



Vinnudagur í Hrunakirkjugarði 13.maí frá kl. 13-17.

Þennan dag verður almenn tiltekt í kirkjugarðinum, lagfæring á leiðum og hreinsun trjábeða. Sóknarnefndin verður á staðnum með einhver verkfæri ,mold og þökur. Aðstandendur sem vilja aðstoð við lagfæringu leiða eru beðnir um að hafa samband við undirrituð. Eins hvetjum við alla til að mæta sem áhuga hafa á að hjálpa til við að gera fallegan garð falletgri. Margar hendur vinna létt verk. Kaffi á könnunni og jafnvel kökubiti. Sjáumst.

Fyrir hönd Hrunasóknar

Unnsteinn s: 8943333 og Marta s: 8996412



AFMÆLIS- OG STYRKARTÓNLEIKAR

Í tilefni af 50 ára afmæli Árnesingakórsins í Reykjavík verða haldnir afmælistónleikar í Langholtskirkju miðvikudaginn 17. maí kl 20:00. Stjórnandi kórsins er sem áður Gunnar Ben og meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson. Gestur okkar verður Valgerður Guðnadóttir sópran. Á efnisskrá tónleikanna er að finna valdar perlu frá 50 ára söngferli kórsins. Hægt verður að tryggja sér miða á kor@kor.is

Einnig verða haldnir tónleikar til styrktar nýrrar byggingar hjúkrunarheimilis á Selfossi. Tónleikarnir verða haldnir að Borg í Grímsnesi 20. maí n.k. klukkan 16:00. Stjórnandi er Gunnar Ben og meðleikari er Bjarni Þ. Jónatansson. Allur ágóði mun renna til hjúkrunardeildanna Fossheima og Ljósheima á Selfossi.

Um hádegisbil laugardaginn 20. maí mun kórinn syngja fyrir íbúa á hjúkrunarheimilinu Fossheimum / Ljósheimum á Selfossi.

Til gamans má geta þess að kórinn söng fyrst opinberlega á Jónsmessumóti Árnesingafélagsins í Reykjavík í júní 1966 sem haldið var að Borg í Grímsnesi undir stjórn Jónasar Ingimundarsonar. Í framhaldi af því var Árnesingakórinn í Reykjavík stofnaður 14. febrúar 1967 og hefur starfað óslitið síðan.

Kórinn hefur ferðast víða í árunna rás, meðal annars til allra Norðurlandanna og ýmissa annarra Evrópulanda. Auk þess hefur hann haldið fjölda tónleika víða um land og tekið þátt í kórastefnum. Fyrsti stjórnandi kórsins var Þuríður Pálsdóttir. Stjórnandi kórsins frá 1988 til vors 2001 var Sigurður Bragason barítónsöngvari og tónskáld. Haustið 2001 tók Gunnar Ben við stjórn kórsins. Undir stjórn hans hefur kórinn leyst af hendi ýmis krefjandi verkefni. Má þar nefna þátttöku í Choir Olympics, einni stærstu kórakeppni heims, í Bremen árið 2004 þar sem hann fékk silfurviðurkenningu í sínum flokki. Kórinn er eini íslenski kórinn sem hefur tekið þátt í þessari kórakeppni.

Kórinn hefur gefið út fjóra hljómdiska og tvær hljómplötur. Í vetur gaf kórinn út hljómdiskinn "Landróver" til að minnast 50 ára afmælisins um leið og kynnt var nýtt sviðsnafn, **ÁR kórinn**.



Ekki missa af þessu!

Við höldum upp á afmæli okkar
miðvikudaginn 17. maí kl. 20:00.

Á efnisskránni er að finna „bestu“ lögin okkar
úr 50 ára sögu Árningsakórsins í Reykjavík.
Popp, gömul og ný dægurlög, íslensk, erlend...
Komdu og fagnaðu með okkur!

Kórstjórnin er enginn annar en Gunnar Ben
og með kórnum syngur Valgerður Guðnadóttir sópran.
Meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson.

Pantaðu miða núna á kor@kor.is

Hlökkum til að sjá þig

ÁR kórinn

Tónleikarnir eru haldnir í Langholtiarkirkju.

Forsöluverð: 3.000 kr.—Við innganginn: 3.500 kr.
Börn 4–12 ára: 500 kr.—Fritt fyrir börn yngri en 4 ára.

Ekki missa af þessu!

Við ætlum að halda styrktartónleika
laugardaginn 20. maí kl. 16:00.

Tónleikarnir eru haldnir til styrktar hjúkrunardeildunum
Fossheimum og Ljósheimum á Selfossi.

Á efnisskránni er að finna „bestu“ lögin okkar
úr 50 ára sögu Árningsakórsins í Reykjavík.
Popp, gömul og ný dægurlög, íslensk, erlend...
Komdu og fagnaðu með okkur!

Kórstjórnin er enginn annar en Gunnar Ben.
Meðleikari verður Bjarni Þ. Jónatansson.

Pantaðu miða núna á kor@kor.is

Hlökkum til að sjá þig

ÁR kórinn

Tónleikarnir eru haldnir í
Félagsheimilinu að Borg

Miðaverð: 3.000 kr.—Börn 4–12 ára: 500 kr.
Fritt fyrir börn yngri en 4 ára.



Nú fer skólaárið 2016-2017 að stytast í annan endann. Hér á Undralandi flýgur tíminn áfram og alltaf nóg að gera, bæði hjá börnum og starfsfólki. Í mars fór fram starfsmannakönnun þar sem allir starfsmenn tóku þátt. Þessi könnun er liður í innra mati skólans og mikilvægt tæki til að gera góðan skóla betri.

Það er gaman að segja frá því að starfsmenn eru ánægðir í starfi, þeim liður vel og hlakka til að mæta í vinnuna. Sama var uppi á teningnum með foreldrafélögum sem var í apríl, almenn ánægja með leikskólann og starfsfólk. Eins og áður sagði eru þessar kannanir liður í innra mati leikskólans og niðurstöður nýttar til að bæta starfið.

Ég hef nú verið leikskólastjóri í rúmlega eitt ár og þetta ár hefur flogið áfram. Góður starfsandi, metnaðarfullt starfsfólk og frábærir foreldrar gera starfið skemmtilegt og gefandi. Gott er að leita til samstarfsfólks og eins stendur foreldrafélagið við bakið á okkur með gjöfum og ýmsum uppákomum.

Ég sit reglulega fundi leikskólastjóra í Árnesþingi og eru þessir fundir mikilvægir fyrir mig og starfið á leikskólanum. Leikskólastjórar bera saman bækur og gefa góð ráð og ýmsum skemmtilegum hugmyndum deilt.

Í vetur tilnefndum við foreldrafélagið til Foreldravörðlauna en vörðlaunin fóru annað. Við tilnefndum líka foreldrafélagið til vörðlauna hjá Heimili og skóla en þau fóru líka annað. Það er mikilvægt að halda á lofti því frábæra starfi sem foreldrafélagið stendur fyrir og við munum halda áfram að segja frá og tilnefna félagið.

Í leikskólanum hafa verið um fjörutíu börn í vetur og við gerum ráð fyrir svipuðum fjölda næsta vetur. Börnin sem útskrifast frá okkur, og fara í grunnskóla í haust, eru sjö talsins. Þetta eru þau, Emma Rún á Kotlaugum, Svava Marý í Syðra-Langholti, Stefán Fannar í Hrepphólum, Elín Helga í Tungufelli, Sigrún Björk í Birtingaholti, Siggeir Sölvi í Miðfelli og Kristín Viðja í Galtafelli.



Útskriftarhópurinn ☺

Við óskum þeim góðs gengis í nýjum skóla og hlökkum til að hitta þau næsta vetur þegar þau koma í heimsókn til okkar.




Ég vil hvetja foreldra til að hafa samband við okkur ef þeir ætla að sækja um pláss í haust. Það er nauðsynlegt fyrir mig að vita um fjölgun/fækkun svo hæfilegur fjöldi starfsfólks sé í vinnu á leikskólanum. Fjöldi starfsmanna fer eftir samsetningu hópsins sem er hér í vistun. Einnig er mikilvægt að foreldrar láti vita ef breyting verður á vistunartíma þeirra barna sem eru nú þegar skráð á leikskólan. Í haust bætist leikskólakennari í hópinn en að öðru leiti verður lítið um breytingar í starfsmannahópnum, eins og staðan er í dag, en að vísu verða einhverjar breytingar á deildum. Það er gott fyrir starfsfólk að kynnast starfinu á mismunandi deildum og þannig eru allir betur í stakk búnir til að hlaupa í skarðið. Enn og aftur minni ég á að allir eru velkomnir í heimsókn til okkar. Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir
Leikskólastjóri

Móakotsfréttir.

Það er alltaf líf og fjör hjá okkur á Móakoti. Á deildinni eru 11 börn, 1 – 2 ára, og þrír starfsmenn. Á mánudögum förum við í íþróttahúsið, þar gerum við ýmislegt skemmtilegt. Á þriðjudögum kemur Lubbi í heimsókn til okkar. Hann er að kenna okkur íslensku máhljóðin. Við tökum fyrir eitt máhljóð í tvær vikur. Það er alltaf gaman að fá Lubba í heimsókn. Á miðvikudögum förum við í útikennslu. Í útikennslu erum við að skoða okkar nánasta umhverfi, tínum rusl o.fl. skemmtilegt. Á fimmtudögum er svo myndlist hjá okkur, þar erum við að kynnast allskonar efnivið. Við lesum/skoðum bækur á hverjum degi, syngjum og förum með þulur. Við förum líka í könnunarleik þar sem við leikum með verðlausan efnivið. Frjálsi leikurinn er ríkjandi hjá okkur á Móakoti, við lærum mest í gegnum frjálsa leikinn. Kveðja frá Móakoti.





Sumarstarf

Velferðarþjónusta Árneshvíls óskar eftir að ráða starfsmann í sumar til þess að aðstoða fatlaða konu við vinnu og tómstundir. Um er að ræða fullt starf en starfshlutfall getur líka verið samkomulagsatriði. Allar nánari upplýsingar veitir Arna Ír Gunnarsdóttir félagsráðgjafi í síma 483 4000.

SUMARSTARF

Velferðarþjónusta Árneshvíls óskar eftir starfsmanni í sumarafleiðingum til að sinna félagslegri heimaþjónustu á heimilum í Uppsveitum Árneshvíls og Flóa.

Helstu verkefni eru almenn þríf, aðstoð við persónulega umhirðu og veita félagslegan stuðning og hvatningu.

Starfsmaður þarf að hafa bíl til umráða.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2017

Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna á Suðurlandi – FOSS.

Nánari upplýsingar veitir Tone Thorgeirsdóttir Lien í síma 480-1180 eða sendið fyrirspurnir í tölvupósti á sigrun@laugaras.is

Íbúð til leigu í Heimalandi.

Laus er til umsóknar íbúð fyrir eldri borgara, í Heimalandi á Flúðum.

Skoðað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki berast umsóknir fyrir 24. maí nk.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu

Hrunamannahrepps í síma 480 6600

eða á netfang: hruni@fludir.is





Sorphirðudagatal Hrunamannahreppur 2017

janúar				febrúar				mars					
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7							
8	9	10	11	12	13	14							
15	16	17	18	19	20	21							
22	23	24	25	26	27	28							
29	30	31											

febrúar				mars				apríl				maí			
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau		
1	2	3	4	5	6	7									
8	9	10	11	12	13	14									
15	16	17	18	19	20	21									
22	23	24	25	26	27	28									
29	30	31													

maí				júní				júlí				ágúst			
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau		
1	2	3	4	5	6	7									
8	9	10	11	12	13	14									
15	16	17	18	19	20	21									
22	23	24	25	26	27	28									
29	30	31													

ágúst				september				október				nóvember			
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau		
1	2	3	4	5	6	7									
8	9	10	11	12	13	14									
15	16	17	18	19	20	21									
22	23	24	25	26	27	28									
29	30	31													

september				október				nóvember				desember			
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau		
1	2	3	4	5	6	7									
8	9	10	11	12	13	14									
15	16	17	18	19	20	21									
22	23	24	25	26	27	28									
29	30	31													

október				nóvember				desember					
sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fis	lau
1	2	3	4	5	6	7							
8	9	10	11	12	13	14							
15	16	17	18	19	20	21							
22	23	24	25	26	27	28							
29	30	31											


Litalykjill:

- Nedri hrúnamannahreppur 64 tunna
- Efri Hrunamannahreppur 64 tunna
- Bláa tunnan - Allur Hrunamannahreppur
- Rölluplöt - allur Hrunamannahreppur

Athugið að losunardagar geta breyst án fyrirvara svo sem út af veðri. Hirding fer þá fram við fyrsta mögulega tækifæri. Ekki verður tilkynnt um þetta sérstaklega. Flúðir skiptast milli svæða eftir Litlu laxá.



Sími: 577-5757 — gamur@gamur.is



Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Steinsöggun

Tek að mér steinsöggun í uppsveitum Árnessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna.

Stóðhestar sumarið 2017:

Fyrri gangmál:

Ópall IS2010186505 frá Miðási , jarpur

Faðir: Gaumur frá Auðsholtshjáleigu

Móðir: Ósk frá Hestheimum

Hæsti dómur 2016, bygging 8,31 hæfileikar 8,91 aðaleinkun 8,67

Kynbótamat er 124 stig

Sama verð er undir báða þessa hesta, 124.800 með virðisaukaskatti, innifalið er girðingargjald og einn sónar og félagsmannaafslátturinn dregst svo frá.

Pantanir berist til Sigurðar í síma 894-3059 eða á skollagrof@skollagrof.is

Ungfolar:

Félagið mun að vanda taka við í sumarhagagöngu ungfola frá félagsmönnum í skógargirðinguna við ruslahaugana. Um fola þessa gilda reglur sem settar voru 2015 og er óskað eftir að IS-númer folana fylgi við pöntun.

Pantanir berist til Sigurðar í síma 894-3059 eða á skollagrof@skollagrof.is

Aðalfundur:

Aðalfundurinn verður haldinn einhvern tímann eftir miðjan maímánuð og verður tími og staðsetning auglýst nánar síðar, stefnum á að fá einhvern til að koma og vera með fróðlegan fyrirlestur.



Seinna gangmál:

Kvistur IS2003156956 frá Skagaströnd ,brúntvístjörnóttur með leist

Faðir: Hróður frá Refsstöðum

Móðir: Sunna frá Akranesi

Hæðsti dómur 2008, bygging 8,26 hæfileikar 8,79 aðaleinkun 8,58

Hann hefur þrisvar tekið þátt gæðingakeppni A-flokki og besti árangur var einkunn upp á 8,91

Kvistur hlaut 1. verðlaun fyrir afkvæmi 2014 og stóð efstur afkvæmahesta sem fengu 1.verðlaun á landsmóti það ár.

Kynbótamat er 126 stig, dæmd afkvæmi 28 og næsta víst að hann muni hljóta heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á næstu árum.

18 af þessum 28 afkvæmum eru með yfir 8,00 í aðaleinkun , 22 með yfir 8,00 fyrir byggingu og 12 eru með yfir 8,00 fyrir hæfileika, þar af 8 með yfir 8,30. Kvistur er líka að skila keppnishrossum en 16 afkvæmi hans eru með skráðan árangur í keppni í Worldfeng.



ÍBÚAFUNDIR!!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum **miðvikudaginn 17. maí nk. kl. 20:00**. Kynntar verða niðurstöður ársreiknings 2016. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is

1. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði ársreikningsins.
2. Lagning ljósleiðara, Guðmundur Daníelsson frá Snerru kynnrir verkefnið.
3. Umræður og önnur mál.

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum **mánudaginn 29. maí nk. kl. 20:00**. Farið verður yfir vinnu vegna könnunnar á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna í Árnassýslu.

1. Ráðgjafar á vegum KPMG mæta á fundinn og kynna og fara yfir vinnu við sviðsmyndagreiningu vegna verkefnisins.
2. Umræður um sameiningarmálin.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps